



## Fundargerð framkvæmdastjórnar Sósíalistasflokks Íslands 27. nóvember 2017

Fundur nýskipaðrar framkvæmdastjórnar Sósíalistasflokks Íslands. Haldinn 27. nóvember 2017 á Café Meskí, Skeifunni. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 19:00.

Mætt voru Viðar Þorsteinsson, Gísli Pálsson, Birna Eik Benediktsdóttir, Valdimar Andersen Arnþórsson, Margrét Pétursdóttir, Ása Jóhannsdóttir og Gunnar Smári Egilsson. Laufey Ólafsdóttir mætti þegar eitthvað var liðið á fundinn. (Sanna Magdalena Mörtudóttir forfallaði sig vegna veikinda).

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1 · Fundargerðir

Samþykkt að Viðar yrði áfram ritari stjórnarinnar. Viðar kynnti vinnulag fráfarandi bráðabirgðastjórnar varðandi fundargerðir, en engar eldri fundargerðir voru fyrirbyggjandi til samþykktar að þessu sinni.

### 2 · Stjórnarmenn kynna sig

Þar sem þetta er fyrsti fundur þessarar stjórnar sem skipað var á félagsfundi sl. laugardag voru stjórnarmenn beðnir að segja deili á sér og farið var hringinn.

Í framhaldi af kynningu sköpuðust pólitískar umræður. Var rætt um þörfina á hugmyndafræðilega endursköpun á vinstri vængnum, áskoranirnar og tækifærið sem fylgja stjórnarmyndun VG með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, mikilvægi umhverfismála og fleira. Rætt var um hugrenningatengsl meðal almennings í sambandi við orðið sósíalismi og hvernig við getum tekið tillit til þess þegar kemur að því að kynna hugmyndir okkar.

### 3 · Staða og framhald verkefna

Formaður stjórnar, Gunnar Smári, hafði framsögu um að gera grein fyrir stöðu ýmissa mála. Hann reifaði verkaskiptinguna sem samþykkt var á félagsfundi um helgina og sem framkvæmdastjórn starfar eftir. Gunnar Smári fór svo yfir ýmis verkefni og að því búnu var tekinn hringur þar sem viðstaddir tóku að sér tiltekin verkefni.

**Fjármál.** Benjamín Júlían, sem verið hefur gjaldkeri bráðabirgðastjórnar, er nú kominn félagastjórn. Samþykkt var að Laufey Ólafsdóttir tekur að sér að vera gjaldkeri nýrrar framkvæmdastjórnar.

**Frágangur skipulags.** Óklárað er að útfæra ýmsar hliðar á grunnskipulaginu sem samþykkt var á félagsfundinum um helgina, til að mynda tillögu um “samvisku” og hvernig kjörnir fulltrúar gætu passað inn í skipulag flokksins. Þá þarf að færa skipulagið allt í skriflegan búning sem hægt verður að samþykkja sem hluta af lögum flokksins á Sósíalistapiingi. Viðar býður sig fram að halda utan um þessa vinnu.

**Áróður, útgáfa, fundir.** Farið var yfir ýmis samskiptatól flokksins, þar á meðal vefinn, Facebook-hóp, Facebook-síðu og fundina sem hafa orðið Sósíalistakaffi. Ása, með fulltingi Margrétar, bauð sig fram til að klára tillögu sem þegar hefur verið unnin um breytt og bætt viðmót fyrir vefinn, sér í lagi þann hluta sem lýtur að grunnupplýsingum. Samþykkt var að Ása myndi bera útfærða hugmynd fyrir næsta fund.

**Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar.** Flokkurinn hefur innan sinnar raða mikið af fólki sem er áhugasamt um verkalýðsmál og þátttöku í starfi einstakra verkalýðsfélaga. Hugmyndir voru settar fram að fyrirlesurum og öðru sem flokkurinn getur gert til að efla umræðu og virkni í verkalýðsfélögum sem og öðrum hagsmunafélögum almennings. Birna bauð sig fram til að vera með í framhaldi þessa starfs.

**Undirbúningur fyrir Sósíalistapiing.** Rætt var um hlutverk Sósíalistapiings en þau eru m.a. aðalfundarstörf, samþykkt stefnu og að ræða stórar spurningar á borð við hugsanlegt framboð til sveitastjórna. Ása bauð sig fram til að vinna að undirbúningi, en rætt var um að væntanlega verði til minni starfshópur til að styðja þann undirbúning.

Samþykkt var að Sósíalistapiing yrði aðalviðfangsefni næsta fundar eftir viku.

Fundi var slitið um klukkan 21.